

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Blönduós.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast, að norðan af landamerkjum Blöndubakka og Blönduóss, en að sunnan af ósum Blöndu. Höfnin er fyrir strandlengjunni milli þessara staða og nær út fyrir mælda skipalegu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með stjórn hafnamála hverju sinni.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Nefndin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til funda í hafnarnefnd og stýrir þeim. Kjörtímabil hafnarnefndar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarnefnd skal undir yfirstjórn sveitarstjórnar, annast framkvæmd hafnar-mála og eftirlit með höfninni, sjá um viðhald og umbætur á henni og eigum hennar og stýra framkvæmdum þar að lútandi.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð, og skal skrifstofa Blönduós-hrepps hafa umsjón með því. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja reikningum sveitar-sjóðs og endurskoðast ásamt þeim.

3. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð og aðra fasta starfsmenn, og setur þeim erindis-bréf, þar sem m. a. starfssvið þeirra er ákveðið. Til aðstoðar hafnarverði við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir.

Hafnarvörður skal annast daglegan rekstur hafnarinnar, framkvæmdir, eftirlit og umsjón í samráði við hafnarnefnd. Hann skal eiga sæti á fundum nefndarinnar, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

III. KAFLI

Um almenna reglu í höfninni og á hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur á skipi sínu í höfnina, að bryggju eða að hafnar-bakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrir mælum hans, eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu, affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skytt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð elds eða óbyrgðra ljósa í skipum í höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar, og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, sem um eldhættu gæti verið að ræða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum, né frá bryggjum eða hafnarbakka, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til. Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina.

Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24,00 að kveldi til kl. 7,00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

IV. KAFLI

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri, eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu, eða ástæða þykir til að ætla að sóttþætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við lúðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara, nema í neyðartilvikum.

15. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. 1 maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvisun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

18. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggju eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að álitu hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

20. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart, og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað sem hafnarvörður vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist

það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það verði gert, en farmeigandi eða skips-eigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

Sömu reglur gilda um fiskafla, settan á land í Blönduóshöfn og ber þá skipstjóri eða útgerðarmaður og kaupandi aflans, ábyrgð samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjunni eða á öðrum stöðum á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

V. KAFLI

Um skip sem lagt er í lægi.

23. gr.

Skipum má leggja í lægi í höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

24. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi í höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarnefndar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarnefnd látið framkvæma verkið á kostnað eiganda. Ekki ber hafnarsjóður ábyrgð á þeim skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

25. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi í höfninni þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að álitni hafnarnefndar sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hættu.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórannréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð ef færa þarf skipið, eða grípa til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmannsins öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

26. gr.

Skip sem flytja eldfim efni, svo sem steinoliu, bensín, acetón, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina fyrir en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á samskonar farmi gilda sömu varúðarreglur.

27. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn í höfnina, með þess konar farm, hafa á framsigliutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“ að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

28. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt sérstakri gjaldskrá er hafnarnefnd semur.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda í höfninni, á mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum mönnum, dómkvöddum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krefðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

30. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarvörður tekur gilda.

31. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráða-mönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 25. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

32. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000,00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

33. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, sbr. lög nr. 83 31. maí 1976 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 166 12. ágúst 1970 um sama efni og nr. 262 30. maí 1975 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 2. febrúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

13. janúar 1982.

Nr. 27.

AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl.,
nr. 137 26. júlí 1971.**

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 8 100,00 á ári.
Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert.

Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 13. janúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. febrúar 1982.

Nr. 28.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á vegum félagsmálanefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum félagsmálanefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

- | | |
|----------------|----------|
| 1. taxti | kr. 6,00 |
| 2. taxti | — 35,00 |